

# Aðgerðir gegn brotthvarfi

## Staða verkefnis – febrúar 2018

Menntamálastofnun

Febrúar 2018

Útgefandi: Menntamálastofnun  
Víkurhvarfi 3, 203 Kópavogur  
Sími: 5147500  
Netfang: [postur@mms.is](mailto:postur@mms.is)  
Veffang: [mms.is](http://mms.is)

Umbrot og textavinna: Menntamálastofnun

Höfundur: Kristrún Birgisdóttir

© 2018 Menntamálastofnun

ISBN 978-9979-0-2227-5

## Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Skimunarpróf – könnun á námsumhverfi nýnema .....	3
Verkþáttur 1.....	3
Eftirfarandi þættir snúa að skóla og námi viðkomandi nemenda .....	3
Þættir er varða fyrri skólagöngu .....	4
Samskipti við foreldra og þátttöku þeirra í skólagöngu nemenda .....	4
Framkvæmd prófsins .....	4
Mynd 1.....	5
Reynsla náms- og starfsráðgjafa af notkun skimunarprófsins.....	5
Staða á verkþætti 1.....	6
Skimun fyrir áhættuþáttum hjá grunnskólanemendum.....	6
Verkþáttur 2.....	6
Staða á verkþætti 2 .....	6
Styrkveitingar til framhaldsskóla og aðstoð við aðgerðaáætlun .....	6
Verkþættir 3 og 4 .....	6
Úthlutun 1.....	6
Tafla 1 .....	7
Tafla 2 .....	7
Tafla 3 .....	8
Úthlutun 2.....	9
Tafla 4 .....	10
Staða á verkþætti 4.....	10
Upplýsingagjöf á vefsíðu Menntamálastofnunar um verkefnið .....	11
Staða á verkþætti 5.....	11
Skráning á ástæðum brotthvarfs .....	11
Mynd 2.....	11
Tafla 5 .....	12
Næstu skref og lokaorð.....	12
Heimildir .....	13

## Inngangur

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur falið Menntamálastofnun að halda utan um verkefnið „Aðgerðir gegn brotthvarfi í framhaldsskólum“. Verkefnið er til þriggja ára, frá 2016-2018 og er því ætlað að styðja við markmið Hvítbókar um umbætur í menntun.

Hlutverk Menntamálastofnunar í verkefninu felur í sér eftirfarandi verkþætti:

1. Að sjá til þess að á tímabilinu verði skimunarpróf lagt fyrir nýnema allra framhaldsskóla til að kortleggja hvers konar áhættuþættir einkenna nemendahóp viðkomandi skóla og birta jafnframt upplýsingar og gögn sem nýtast skólunum til að velja aðgerðir sem henta mismunandi áhættuþáttum.
2. Að athuga hvort og þá hvernig hægt er að skima fyrir brotthvarfi á grunnskólastigi.
3. Styðja framhaldsskóla til að gera aðgerðaáætlanir sem byggjast á niðurstöðum skimunar.
4. Annast umsýslu með styrkjum til aðgerða í skólum sem taka mið af aðgerðaáætlun og skimunarniðurstöðum.
5. Annast upplýsingagjöf á vef stofnunarinnar um verkefnið.

Til viðbótar hefur Menntamálastofnun óskað eftir því að skólar hafi samband við þá nemendur sem hækta námi, á hverri önn, áður en til lokaprófa kemur til að kalla eftir ástæðum brotthvarfs. Hér á eftir verður gerð grein fyrir því sem nú þegar hefur verið framkvæmt af ofangreindum verkþáttum.

## Skimunarpróf – könnun á námsumhverfi nýnema

### Verkþáttur 1

Skimunarprófið „Námsumhverfi framhaldsskólanema“ hefur verið lagt fyrir síðustu þrjú ár (2015, 2016, 2017) í öllum framhaldsskólum á landinu. Skimunarprófið er hannað fyrir náms- og starfsráðgjafa til að auðvelda þeim að skilgreina þá nýnema sem eru í áhættu á slöku gengi í námi og brotthvarfi frá skóla og meta hvers konar stuðningur er vænlegur til árangurs fyrir ólíka nemendur. Í desember 2017 var gefin út handbók fyrir notendur prófsins og eru upplýsingar hér að neðan fengnar að láni úr þeirri handbók með leyfi höfunda.

Skimunarprófið gefur þrenns konar upplýsingar. Í fyrsta lagi um samsetningu nýnemahópsins í viðkomandi skóla sem kallast prófill skóla. Í öðru lagi upplýsingar um hvaða nemendur teljast í áhættu hvað snertir lélegt námsgengi og brotthvarf úr skóla. Í þriðja lagi gefur það upplýsingar um styrkleika og veikleika hvers nemanda og námsumhverfis hans sem kallast prófill nemanda.

Skimunarprófið skiptist í sextán þættir sem rannsóknir hafa sýnt að eru áhættuþættir eða verndandi þættir gagnvart slöku námsgengi og brotthvarfi frá námi en hér á eftir má sjá nánari lýsingu á umræddum þáttum:

### Eftirfarandi þættir snúa að skóla og námi viðkomandi nemenda:

1. Námsleg skuldbinding metur hversu vel nemendum líkar námið sem þeir eru í og viðhorf þeirra til mikilvægi þess.
2. Félagsleg skuldbinding metur hversu vel nemendur tengjast öðrum nemendum og þátttöku þeirra í félagslífi skólans.
3. Námshegðun vísar til þátttöku og virkni í námi og mætingar í skólann.
4. Metnaður til náms spyr um mikilvægi þess að standa sig vel og ljúka námi.
5. Trú á eigin getu í námi spyr um mat nemenda á því hve vel undirbúnir þeir eru fyrir námið sem þeir eru í og hve góðir námsmenn þeir eru.
6. Vissa með námsval metur hve vissir nemendur eru um að þeir séu á „rétttri“ námsbraut.
7. Samsömun við skóla vísar til líðanar nemenda í skólanum og tengsla við hann.
8. Stuðningur kennara vísar til þess hversu mikinn stuðning nemendur telja sig fá frá kennurum sínum þar með talið umsjónarkennara og hversu vel þeim líkar við þá.

### Þættir er varða fyrri skólagöngu:

9. Skólahegðun við lok grunnskólans er lýtur að virkni í námi og hegðun í skólanum.
10. Fyrri námsárangur sem tekur til einkunna á lokaprófum í 10. bekk í íslensku og stærðfræði.
11. Námserfiðleikar í lestri, íslensku og stærðfræði.

### Samskipti við foreldra og þátttöku þeirra í skólagöngu nemenda:

12. Stuðningur foreldra metur tilfinningalegan stuðning móður og föður.
13. Eftirfylgni foreldra metur hve mikið aðhald og eftirlit foreldrar veita ungmennum sínum.
14. Hvattning móður metur hvattningu og þátttöku foreldra í námi barns síns.
15. Hvattning föður metur hvattningu og þátttöku foreldra í námi barns síns.
16. Í skuldbindingu vina til náms og skóla er spurt um metnað og virkni vina nemenda í námi.

Að auki er spurt um atriði er snerta bakgrunn nemenda, líðan og fleira (Kristjana Stella Blöndal og Hrönn Baldursdóttir, 2018).

### Framkvæmd prófsins

Þar sem nýnemar hafa ekki náð 18 ára aldri þarf samþykki forráðamanna þeirra fyrir þátttöku og fór Menntamálastofnun fram á að skólar leituðu eftir upplýstu samþykki frá forráðamönnum í það minnsta tíu dögum áður en könnunin var lögð fyrir. Menntamálastofnun sendi skólunum sniðmát að bréfi til þess að senda á forráðamenn vegna þessa.


Prófið er lagt fyrir á skólatíma og í umsjón náms- og starfsráðgjafa. Strax að lokinni fyrlögn fá skólar aðgang að niðurstöðum sem sýna annars vegar staða skólans er miðað við aðra framhaldsskóla (prófill skóla) og hins vegar niðurstöður hvers nemanda fyrir sig (prófill nemanda). Á umræddu tímabili hefur könnunin náð til 94% allra nýnema.

Niðurstöður prófsins birtast myndrænt og sýna T-tölur á þeim sextán styrkleikaþáttum sem prófið metur sem þýðir að því hærri sem talan er því meiri styrkleiki (Kristjana Stella Blöndal og Hrönn Baldursdóttir, 2018).

Ljóst er að staða skóla hvað varðar niðurstöðu skimunarprófsins er afar misjöfn en undanfarin ár hefur aðsókn í einstaka skóla verið það mikil að þeir hafa getað fyllt öll sín pláss af nemendum sem hafa lokið grunnskóla með framúrskarandi árangri.

Á mynd 1 hér á eftir má sjá prófil tveggja skóla þ.e. annars vegar skóla sem tók við öllum nemendum sem sóttu um, óháð því hvaða einkunn þeir höfðu náð í kjarnagreinum, og hins vegar skóla þar sem eingöngu komust inn nemendur sem höfðu lokið grunnskóla með B+ að lágmarki í kjarnagreinum.

### Styrkleikar nemenda skólans



Mynd 1

### Reynsla náms- og starfsráðgjafa af notkun skimunarprófsins

Í viðtölum Kristjönu Stellu Blöndal við náms- og starfsráðgjafa framhaldsskólanna um reynslu þeirra af notkun skimunarprófsins hafa eftirtaldir þættir komið fram:

1. Prófið er réttmætt þ.e. finnur nemendur sem eru í brotthvarfshættu í upphafi náms og síðar á námsferlinum.
2. Þeir eru fljótari að finna nemendur í brotthvarfshættu og prófið finnur einnig þá sem þeir telja að ekki hefðu fundist annars.
3. Niðurstöður prófsins (persónulegur prófill nemanda) nýtist vel með öðrum upplýsingum, einnig nýtast upplýsingarnar vel í nýnemaviðtölum.
4. Auðveldar náms- og starfsráðgjöfum að forgangsraða hverjur koma fyrst í viðtöl.
5. Ráðgjöf til nemenda verður markvissari (betri ráðgjafanálgun).
6. Notkun prófíls gefur kost á dýpri og markvissari samræðum.
7. Áður var meira horft á mætingu og einkunnir en með notkun skimunarprófsins gefst kostur á að nota upplýsingar sem sýna samspli einstaklingsins við umhverfi sitt.
8. Tímasparnaður.
9. Niðurstöður nýtast með foreldrum.
10. Niðurstöður nýtast ekki eingöngu á meðan nemendurnir eru nýnemar heldur eru þetta langtíma-upplýsingar sem hægt er að nýta á meðan þau eru í náminu.
11. Auðveldara að benda á viðeigandi stuðning. Sem dæmi má nefna að nemendur sem mælast í áhættu vegna líttillar eftirfylgni og stuðnings foreldra þurfa á annarskonar úrræði að halda en aðrir (veikt bakland, tilfinningalegur stuðningur).
12. Niðurstöður nýtast í hópráðgjöf þ.e. auðveldara er að raða nemendum í hópa.
13. Auðveldar eftirfylgni og samstarf við umsjónarkennara.
14. Prófill skóla afar mikilvægur þ.e. hvað á að leggja áherslu á.
15. Allir eru sammála um að það taki tíma að innleiða skimunarprófið og nú sé notkun þess orðinn fastur liður af vinnu náms- og starfsráðgjafa.

## Staða á verkþætti 1

Verkþáttur Menntamálastofnunar er varðar skimunarprófið var að sjá til þess að prófið yrði lagt fyrir í öllum framhaldsskólum árin 2015, 2016 og 2017. Líkt og sjá má hér að framan var prófið lagt fyrir í öllum framhaldsskólum á umræddu tímabili. Nánara mat á árangri og notkun skimunarprófsins mun fara fram og verða niðurstöður birtar þegar þær liggja fyrir sem og í lokaskýrslu verkefnisins.

## Skimun fyrir áhættubáttum hjá grunnskólanemendum

### Verkþáttur 2

Samkvæmt samtali við Kristjönu Stellu Blöndal, höfund skimunarprófsins, er til spurningalisti sem miðar að nemendum í grunnskóla. Listinn hefur verið í notkun í Noregi um nokkurt skeið en að sögn höfundará hefur skimun í grunnskólum, samkvæmt reynslu Norðmanna, ekki nýst jafn vel og á framhaldsskólastigini. Kristjana Stella bendir á að möguleg ástæða þess sé að náms- og starfsráðgjafar í grunnskólum þekki í flestum tilvikum betur til sinna nemenda þar sem þeir hafa verið í skólanum frá 1. bekk og hafi því betri möguleika á því að vinna markvisst að því að draga úr líkum á því að viðkomandi nemandi hverfi frá námi. Kristjana Stella benti einnig á að ef vilji væri fyrir því að leggja skimunarpróf fyrir grunnskólanemendur þá væri sá möguleiki fyrir hendi en slíkt tæki einhvern tíma að undirbúa.

## Staða á verkþætti 2

Verkþáttur Menntamálastofnunar var að kanna hvort unnt væri að leggja skimunarprófið fyrir nemendur í grunnskólum og þá hvernig. Að ofangreindu má sjá að möguleikinn er fyrir hendi, spurningalistinn er til á íslensku og hægt er að líta til notkunar listans í Noregi. Kanna þyrfti betur viðhorf náms- og starfsráðgjafa og í því sambandi þyrfti einnig að skoða hvort halda mætti áfram með skimunarpróf á framhaldsskólastigi.

## Styrkveitingar til framhaldsskóla og aðstoð við aðgerðaáætlun

### Verkþættir 3 og 4

#### Úthlutun 1.

Þann 18. janúar 2016 óskaði mennta- og menningarmálaráðuneytið formlega eftir því að Menntamálastofnun annaðist umsýslu með styrkjum til framhaldsskóla til aðgerða gegn brotthvarfi. Í framhaldinu sendi Menntamálastofnun bréf til skólameistara þar sem óskað var eftir umsóknnum um styrki. Í bréfinu var jafnframt óskað eftir því að umsóknunum fylgdi aðgerðaáætlun þar sem fram kæmi greinargóð lýsing á verkefninu, kostnaðaráætlun, upplýsingar um árangursmælingar svo og nafn þess sem bæri ábyrgð á verkefninu. Einnig var gerð sú krafa að skólar miðuðu aðgerðir að niðurstöðum skimunarprófsins, skráningu á ástæðum brotthvarfs, fjölda nýnema og námslegri stöðu þeirra við innritun. Í bréfinu var einnig tekið fram að ekki yrðu veittir styrkir til framkvæmda sem þá þegar væru í gangi innan skólanna. Alls bárust umsóknir frá 23 skólamótum að upphæð samtals 95.100.892 kr. Menntamálastofnun fór yfir umsóknir með hliðsjón af því sem lagt var til grundvallar ákvörðunartöku um skilyrði til styrkveitinga en einnig var litið til einstakra verkþátta þeirra verkefna sem sótt var um, þ.e. dregnir voru frá þeir kostnaðarþættir, sem metnir voru sem eðlilegt framlag skóla.

Þann 3. febrúar 2016 sendi Menntamálastofnun ráðuneytinu bréf þar sem fram komu tillögur að styrkveitingum til 23 skóla að upphæð 63.310.330 krónur en ákveðið var vegna fjölda og umfangs umsókna að hámarksstyrkur á hvern skóla yrði 5.000.000 krónur.

Átta skólar af 23 sóttu um styrki til að auka aðgengi að sálfræðipjónustu en samkvæmt skráningu á ástæðum brotthvarfs eru andleg veikindi ein helsta ástæða þess að nemendur hafa hætt í námi í umræddum skólum áður en til lokaprófa kom. Misjafnt var hvort skólnir óskuðu eftir fjármagni til þess að ráða sálfræðing til starfa innan skólans eða til að kaupa þjónustu frá einkaðilum.

Í töflu 1 má sjá lista yfir þá skóla sem gerð var tillaga um að fengju styrk til að auka aðgengi að sálfraðiþjónustu:

Tafla 1

Skóli	Upphæð styrks
Flensborgarskólinn í Hafnarfirði	4.250.000
Verkmenntaskólinn á Akureyri	4.443.730
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	3.035.000
Fjölbautaskólinn í Garðabæ	2.900.000
Menntaskólinn við Hamrahlíð	4.500.000
Fjölbautaskóli Suðurnesja	5.000.000
Fjölbautaskólinn við Ármúla	5.000.000
Fjölbautaskólinn í Breiðholti	5.000.000
<b>Samtals</b>	<b>34.128.730</b>

Sem dæmi um önnur verkefni sem gerð var tillaga um að fengju styrki má t.d. nefna, stuðningsúrræði við nemendur sem ekki luku grunnskóla með viðunandi árangri, hópráðgjöf, HAM (námskeið í hugrænni atferlismeðferð), aukna umsjón með nýnemum og önnur forvarnar og fræðslunámskeið. Í töflu 2 má sjá upplýsingar um þá skóla sem gerð var tillaga um að fengju styrki til ofangreindra verkefna.

Tafla 2

Skóli	Upphæð styrks
Verkmenntaskóli Austurlands	1.900.000
Menntaskólinn á Egilsstöðum	2.000.000
Framhaldsskólinn á Laugum	660.000
Fjölbautaskóli Snæfellinga	1.222.000
Menntaskólinn á Ísafirði	1.050.000
Fjölbautaskóli Norðurlands vestra	3.660.000
Menntaskólinn í Kópavogi	2.248.000
Borgarholtskóli	4.050.000
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	1.330.000
Menntaskólinn á Tröllaskaga	550.000
Framhaldsskólinn á Húsavík	721.600
Fjölbautaskóli Suðurlands	3.500.000
Menntaskólinn á Akureyri	312.000
Kvennaskólinn í Reykjavík	1.478.000
Menntaskólinn við Sund	4.500.000
<b>Samtals:</b>	<b>29.181.600</b>

Miðað var við að þeir skólar sem fengju styrk myndu hefja aðgerðir eigi síðar en 1. mars 2016. Í árslok 2016 kallaði Menntamálastofnun eftir skýrslum frá þeim skólum sem fengu styrk þar sem farið var fram

á að skólar gerðu nákvæma grein fyrir gengi verkefna og voru þær skýrslur metnar með tilliti til þeirra upplýsinga sem skólar höfðu lagt fram í umsóknum sínum. Í töflu 3 má sjá stutt yfirlit yfir aðgerðir sem skólar sóttu um að framkvæma og mat á þeim skv. skýrslum sem skilað var í árslok 2016.

Tafla 3

Skóli	Vandi	Aðgerðir	Árangur
FLB	Námsárangur, andleg vanlíðan, lítil skuldbinding	Umsjónarkerfi, sálfræðiaðstoð	Úrsagnir úr skóla fóru úr 87 niður í 44
VMA	Námsárangur, andleg vanlíðan, lágt brautskráningaráhlutfall af brautabréu	Námsver, HAM námskeið, umsjónarkerfi	EKKI raunhæft að meta árangur strax
FMOS	Áhugaleysi, lítil skuldbinding, lítill stuðningur frá forráðamönnum	Námskeið fyrir forráðamenn, markviss vinna með námsval, hópefli, umsjónarkerfi	Nemendur sem fengu aðstoð náðu allir, samvinna í hópum betri, ekki raunhæft að meta aðra þætti strax
FG	Andleg vanlíðan, léleg skuldbinding til náms, slakur fyrri námsárangur	Sálfræðiaðstoð (aðkeypt þjónusta) vikulegir tímar í HAM fyrir nemendur í brotthvarfshættu	Langtímatliggur ekki fyrir
MH	Andleg vanlíðan, lítil skuldbinding, áhugaleysi, flakkarar	50% staða sálfræðings, námskeið: Jákvæð sálfræði, fræðsla um andlega erfiðleika, HAM, vímuefnavarnarnámskeið, stoðtímar	Betri ástundun (aukin skuldbinding), færri sem hætta vegna andlegra veikinda
FS	Stór hópur í brotthvarfshættu, andleg vanlíðan, lítil skuldbinding til náms og skóla	50% staða sálfræðings, verkefnastjóri, námskeið til að styrkja vináttutengsl	Verkefnið er í þróun. Heildarmat liggur ekki fyrir en engu að síður mælanlegur jákvæður árangur
FÁ	Fjölbreyttur nemendahópur (aldur), lítil skuldbinding til náms og skóla, nemendur „fáir velja, margir lenda“ í Fá eftir margar mislukkaðar tilraunir í öðrum skólum.	Umsjón með nýnemum, HAM námskeið, hópráðgjöf, átak til að efla félagslíf –18 ára	Aldrei færri skipt yfir í annan skóla, betri þátttaka í félagslífi skólans (eykur skuldbindingu)
FB	Fjölbreyttur nemendahópur, andleg vanlíðan, slakur fyrri námsárangur	Hugleiðsla, HAM, sálfræðiaðstoð, markviss vinna með nemendum sem komu illa út á skimunarprófi	Árangur mældur með samanburðarhóp sýndi jákvæðar niðurstöður, færri hætta, skiluðu fleiri einingum, hlutfall þeirra sem eru enn í skóla eftir 3 annir var 66% 2015 en 77% 2017.
VA	Lítil skuldbinging til náms, margir í áhætta skv. skimunarprófi	ART þjálfun fyrir nemendur í brotthvarfshættu	Verkefninu seinkaði. Mat liggur fyrir í febrúar 2018

<b>ME</b>	Slakur námsárangur úr grunnskóla stór hópur í brotthvarfshættu, andleg veikindi	Hópráðgjöf WATCH, HAM, námskeið, sjálfstyrkingarnámskeið	Athyglisvandi minni, andleg líðan óbreytt, fleiri nemendur héldu áfram en áður (meiri seigla)
<b>FL</b>	Slakur námsárangur úr grunnskóla, lítill skuldbinding, andleg vanlíðan	Hópefli, sálfræðiþjónusta	Skimunarpróf kom betur út, mæting heldur verri
<b>MÍ</b>	Andleg vanlíðan, slakur námsárangur úr grunnskóla	Stoðímar í samvinnu við Fjölsmiðjuna, sjálfstyrkingarnámskeið	6 hættu námi á móti 14 á fyrri önn
<b>FNV</b>	Slakur námsárangur úr grunnskóla, andleg vanlíðan	Sálfræðiaðstoð, stuðningstímar og aðstoð við heimanám	Meiri afköst í námi
<b>MK</b>	Slök ástundun, margir sem hækta á hverju ári	Hópefli, aukin umsjón	Mælanlegur jákvæður árangur (en líttill)
<b>BHS</b>	Andleg veikindi, slakur námsárangur úr grunnskóla, lítill skuldbinding	HAM námskeið, Stuðningur við heimanám, fræðsla og stuðningur við foreldra	Meiri virkni í tímum, forvarnarefn fyrir foreldra nýnema (segull)
<b>FÍV</b>	Léleg skuldbinding nemenda, margir sem hverfa frá námi til að fara að vinna	Námskeið fyrir kennara og náms- og starfsráðgjafa	Skimunarprófið kom betur út, færri í áhættuhóp
<b>MTR</b>	Andleg vanlíðan, léleg skuldbinding til náms, slakur fyrri námsárangur	Námskeið í þjálfun til að auka jákvæða hugsun	Mat stendur yfir
<b>FSH</b>	Slakur árangur úr grunnskóla	Stuðningshópur, aðstoð við heimanám og aukin umsjón	Nemendur stóðu sig betur í námi, fækkaði í áhættuhóp
<b>FSU</b>	Slakur fyrri námsárangur	Stuðningshópur og aukin umsjón	Bætt líðan, ánægja með aðstoð og frekara mat stendur yfir
<b>MS</b>	Margþættur vandi	Kortlagning	Mat stendur yfir, handbók fyrir foreldra nýnema
<b>KVSK</b>	Andleg vanlíðan, nemendur upplifa mikið álag í námi	Hópefli, námskeið í kvíðastjórnun	Góður árangur að sögn skóla, verkefnið heldur áfram

## Úthlutun 2

Þann 13. febrúar 2017 sendi Menntamálastofnun bréf til skólameistara þar sem óskað var eftir umsóknum um styrki til aðgerða gegn brotthvarfi fyrir árið 2017. Í bréfinu kom fram að ætlast væri til að umsóknir miðuðu að aðgerðum sem nýttust beint til nemenda í brotthvarfshættu og ekki yrðu veittir styrkir til þjónustu sem teldist vera eðlilegur/lögbundinn þáttur skólastarfs. Jafnframt var gerð krafa um að umsóknir skyldu taka mið af niðurstöðu skimunarprófs, skráninga á ástæðum brotthvarfs, fjölda nýnema sem innritaðir voru og námslegri stöðu þeirra úr grunnskóla. Óskað var eftir því að skólar skiliðu umsóknum sínum fyrir 15. mars 2017.

Alls sóttu 17 skólar um styrk og sendi Menntamálastofnun ráðuneytinu tillögur að styrkveitingum þann 20. mars 2018. Í bréfi til ráðuneytisins kom fram að litið hefði verið til þeirra þátta sem nefndir voru hér að framan en auk þess var horft til þess hvort skóli hefði fengið styrk í fyrri úthlutun og hvort mælanlegur árangur hefði náðst á því verkefni. Þetta var m.a. gert til þess að ekki væri veittur styrkur til

verkefna sem ekki hefðu sýnt jákvæðan árangur. Eftir að óskað var eftir umsóknum barst Menntamálastofnun bréf frá ráðuneytinu þess efnis að stofnunin hefði aðgang að skólaskýrslum Rannsóknar og greiningu á líðan ungs fólks þannig að einnig var litið til niðurstöðu í þeim skýrslum við afgreiðslu umsókna. Hér á eftir í töflu 4 eru upplýsingar um þá skóla sem stofnunin lagði til að fengju styrki:

Tafla 4

Nafn skóla	Upphæð styrks
Borgarholtskóli	4.050.000
Flensburg	6.500.000
Menntaskólinn í Reykjavík	3.480.000
Fjölbautaskólinn í Garðabæ	1.600.000
Fjölbautaskólinn við Ármúla	5.000.000
Framhaldsskólinn á Húsavík	450.000
Fjölbautaskóli Vesturlands Akranesi	2.000.000
Menntaskólinn á Ísafirði	480.000
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	2.520.000
Menntaskólinn við Hamrahlíð	4.500.000
Tækniskólinn	6.000.000
Menntaskólinn við Sund	1.400.000
Fjölbautaskóli Suðurlands	2.600.000
Menntaskólinn í Kópavogi	3.110.000
Verkmenntaskólinn á Akureyri	6.637.930
Framhaldsskólinn á Laugum	1.070.000
Fjölbautaskóli Suðunesja	6.500.000
<b>Samtals:</b>	<b>57.897.930</b>

Sem dæmi um verkefni má nefna aðgengi að sálfræðipjónustu þ.e. annars vegar var sótt um hluta stöðugildis sálfræðings innan skóla (FLB, MH, VMA, TS) og hins vegar höfðu skólar í hyggju að gera samning við utan að komandi sálfræðipjónustu (MR, FG, FÁ, FVA, FL og FS). Aðrir sóttu um styrk til að auka stuðning við nemendur sem komu ekki vel út úr skimunarprófinu en algengast var að sá stuðningur væri í formi sérnámskeiða, fyrillestra, hópráðgjafar og aukins stuðnings við nýnema. Menntaskólinn við Sund sótti um styrk til að gefa út handbók fyrir foreldra sem má, með litlum breytingum, nýta fyrir forráðamenn nýnema almennt. Í júní 2017 afgreiddi ráðuneytið tillögur Menntamálastofnunar og fengu skólnir bréf í framhaldi. Gert er ráð fyrir að skólar hafi byrjað aðgerðir sem sótt var um á haustönn 2017.

## Staða á verkþætti 4

Menntamálastofnun var falið að styðja framhaldsskóla til að gera aðgerðaáætlani sem byggjast á niðurstöðum skimunar. Einnig að annast umsýslu með styrkjum til skólanna sem taka mið af aðgerðaáætlun og skimunarniðurstöðum.

Líkt og fram hefur komið gerði Menntamálastofnun kröfu um að skólar skiliðu aðgerðaáætlunum sem tækju m.a. mið af niðurstöðum skimumarprófa og skráningu á ástæðum brotthvarfs. Stofnunin gekk úr skugga um að aðgerðir samræmdust þeim viðmiðum sem sett voru og veitti skólum endurgjöf þar sem þörf var á. Menntamálastofnun hefur nú þegar haft umsjón með tveimur úthlutunum af þremur en áætlað er að auglýsa eftir umsóknum í þriðju úthlutun á næstu vikum.

Allir skólar sem fengu styrk í fyrstu úthlutun hafa skilað Menntamálastofnun skýrslu þar sem fram kemur hvernig fjármagnið var nýtt og metið hver árangur verkefnisins var. Í lokaskýrslu Menntamálstofnunar verður gerð frekari grein fyrir árangri verkefnisins. Í þeim tilvikum þar sem skólar sóttu aftur um styrk í annari úthlutun var lagt sérstakt mat á það hvort aðgerðir hefðu skilað nægilega góðum árangri til áframhaldandi aðgerða.

### Upplýsingagjöf á vefsíðu Menntamálastofnunar um verkefnið

#### Staða á verkþætti 5

Í ljósi þess hve seint önnur úthlutun fór fram var tekin ákvörðun um að birta sýnishorn/upplýsingar þegar heildarmat á verkefninu hefur farið fram í byrjun árs 2019. Það er þó vert að minnast á að nú þegar hefur einn skóli skilað handbók sem ætluð er foreldrum barna sem eru að hefja nám í framhaldsskóla, sjá nánar á vefslóðinni:


[https://www.msund.is/media/2017/08/29/7rlssojjaf\\_Brotthvarfshandbok\\_mar.pdf](https://www.msund.is/media/2017/08/29/7rlssojjaf_Brotthvarfshandbok_mar.pdf)

Einnig hefur Borgarholtskóli skilað sýnishorni af heilræðum til foreldra nýnema (segull) sem skólinn dreifði til þeirra haustið 2017.

#### Skráning á ástæðum brotthvarfs

Líkt og fram kom í inngangi hefur Menntamálastofnun óskað eftir því að skólar skrái niður uppgefnar ástæður brotthvarfs hjá þeim nemendum sem hætta námi áður en til lokaprófa kemur. Skólnir fengu sent eyðublað til að afla upplýsinga um ástæður brotthvarfs nemenda í framhaldsskólum á haustönn 2017. Þessar upplýsingar hafa verið teknar saman og eru birtar hér með fyrirvara um að ekki er hægt að draga ályktanir um hvort brotthvarf hefur aukist eða minnkað af þessum niðurstöðum. Skráningin tekur eingöngu til uppgefinna ástæðna nemenda sem hættu námi á haustönn 2017 áður en til lokaprófa kom en ekki til þeirra sem hætta á milli anna.

Á mynd 2 er samantekt frá 32 skólum þar sem skýringar nemenda á brotthvarfi sínu eru flokkaðar í fjóra þætti þ.e. skólatengdar ástæður, persónulegar ástæður, ytri ástæður, námstengdar ástæður og auk þess er hluti nemenda sem gefur ekki upp ástæðu eða svarar ekki.



Mynd 2

Í töflu 5 má sjá nánari sundurliðun á nemendahópnum sem hætti í skólunum haustið 2017.

Tafla 5

Ástæður brotthvarfs haust 2017	Kyn		Fæðingarár					Móðurmál	
	Karl	Kona	2001	2000	1999	1998	Eldri	Íslenska	Annað
<b>Ytri ástæður</b>									
Vildi fara að víンna	54	41	5	16	17	18	39	85	10
Fjárhagsástæður/fátækt	10	4	2	4		2	8	12	2
Flutningar	6	10	2	4	5		5	15	1
<b>Skólinn</b>									
Vísað úr skóla vegna brots á mætingarreglum	102	111	13	17	50	31	102	197	16
Eineltí									
Samskiptaörðugleikar við starfsfólk skóla	1	1	1				1	2	
<b>Námið</b>									
Fannst námið tilgangslaust/áhugaleysi	67	32	16	25	21	12	25	98	1
Nám of erfitt	9	15	6	7	2	2	7	22	2
<b>Persónulegar ástæður</b>									
Veikindi barna		3					3	3	
Líkamleg veikindi	12	16	1	7	4	3	13	28	
Neysla/meðferð	4	2			1	1	4	6	
Andleg veikindi	57	84	25	26	32	18	40	138	3
Annað (setjið skýringu neðst í skjalið)	26	42	10	14	6	3	35	59	9
Ekki náðist í viðkomandi	20	23	1	5	6	8	23	39	4
<b>SAMTALS</b>	<b>368</b>	<b>384</b>	<b>82</b>	<b>125</b>	<b>144</b>	<b>98</b>	<b>305</b>	<b>704</b>	<b>48</b>

Alls hættu 752 nemendur námi áður en til lokaprófa kom á haustönn 2017; þar af voru 403 (54%) eldri en 18 ára sem er sambærilegt hlutfall og á haustönn 2016. Alls sagðist 141 nemandi eða 19% hafa hætt vegna andlegra veikinda en til samanburðar þá sögðust 183 eða 25% hafa hætt vegna sömu ástæðu á haustönn. Ef skoðaður er aldur þeirra sem hættu vegna andlegra veikinda má sjá að alls hættu 83 nemendur yngri en 18 ára vegna þessa á haustönn 2017 en 64 á haustönn 2016. Það skal ítrekað að samanburður á milli anna er varhugaverður þar sem skráningunni er ekki ætlað að mæla hvort brotthvarf hafi minnkað eða aukist og getur munurinn fækkun/fjölgun m.a. legið í mismun á skráningu og fleiru.

Flestir nemendur, eða 213 (28% af heildarfjölda), hættu eða var vísað úr námi vegna brots á mætingarreglum og þar af voru 80 nemendur á fræðsluskyldualdri. Hafa ber í huga að ýmsar ástæður geta legið að baki þess að nemendur hætta að mæta í skólann og því erfitt að geta sér til um hvað liggur að baki þess að 28% hættu námi áður en til lokaprófa kom.

### Næstu skref og lokaorð

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir helstu framkvæmdaþáttum verkefnisins „Aðgerðir gegn brotthvarfi úr framhaldsskólum“. Í febrúar 2018 verður kallað eftir skýrslum frá þeim skólum sem fengu styrk árið 2017. Í framhaldinu verða auglýstir styrkir fyrir árið 2018 og verður lögð áhersla á, til viðbótar því sem legið hefur til grundvallar í fyrri úthlutunum, að styrkir 2018 verði til verkefna sem nýst geta óðrum skólum.

Í lok 2018/byrjun 2019 verður kallað eftir skýrslum frá þeim skólum sem fengu styrk fyrir árið 2018 og í framhaldinu lagt mat á árangur verkefnisins, unnin lokaskýrsla fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið og dæmi um vel heppnaðar aðgerðir birtar á vefsíðu Menntamálastofnunar.

## Heimildir

Kristjana Stella Blöndal og Hrönn Baldursdóttir. (2018). Sótt af:

[file:///C:/Users/thorath/AppData/Local/Microsoft/Windows/INetCache/Content.Outlook/J71DETXU/Skimunarpr%C3%B3fi%C3%A1msumhverfi%20framhaldssk%C3%B3lanema\\_16jan18\\_FIN.pdf](file:///C:/Users/thorath/AppData/Local/Microsoft/Windows/INetCache/Content.Outlook/J71DETXU/Skimunarpr%C3%B3fi%C3%A1msumhverfi%20framhaldssk%C3%B3lanema_16jan18_FIN.pdf)